

2. gr.

23

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli úr gildi lög nr. 109 9. okt. 1941.

30. jan.

Gjört á Bessastöðum, 30. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

24

um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

12. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Flugvellir skulu flokkaðir í 4 flokka eftir stærð þeirra, gerð og búnaði til notkunar og rekstrar.

Fullnægja skulu þeir eftirtöldum skilyrðum:

1. flokkur. Rennibrautir skulu vera ekki færri en 3, gerðar úr steinsteypu, malbiki eða með öðru varanlegu slitlagi. Skulu þær fullnægja aðalvindáttum.

Lengd brauta og breidd skal nægileg fyrir stórar millilandaflugvélar. Skulu þær vera byggingar þær, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt telst til þess að fullnægja millilandaflugi.

2. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þær sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægja til innanlandsflugs. Skulu þær vera byggingar, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt þykir til þess að fullnægja innanlandsflugi með flugvélum af allt að 15000 kg þyngd.

3. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þær sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægileg fyrir meðalþungar flugvélar, allt að 5000 kg þyngd. Við völlinn skulu vera nauðsynlegustu tæki og búnaður fyrir snögga viðkomu slíkra flugvéla.

4. flokkur. Rennibrautir skulu vera 2, nema þær sem reynsla sýnir, að 1 braut muni nægja eða verða of kostnaðarsamt að gera 2 brautir. Rennibrautir skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd brauta og breidd skal ætluð aðeins fyrir léttar flugvélar, allt að 3000 kg þyngd, eftir því sem fært þykir kostnaðar vegna. Rennibrautir skulu merktar, og þær skal vera aðgangur að síma, svo og smáskáli fyrir farþega, en yfirleitt ekki annar búnaður.

2. gr.

Flugvellir skulu vera á eftirtöldum stöðum:

a. Í 1. flokki:

1. Í Reykjavík.
2. Á Reykjanesi.

b. Í 2. flokki:

1. Í Eyjafirði.
2. Hjá Egilsstöðum á Völlum.
3. Á Melatanga í Hornafirði.

- 24 c. Í 3. flokki:
12. febr. 1. Í Borgarfirði.
2. Hjá Söndum í Miðfirði.
3. Hjá Blönduósi.
4. Hjá Sauðárkróki.
5. Í Vestmannaeyjum.
6. Nálægt Siglufirði.
7. Hjá Húsavík.
8. Hjá Kópaskeri.
- d. Í 4. flokki:
1. Á Akranesi.
2. Á Snæfellsnesi.
3. Á Kambsnesi við Búðardal í Dalasýslu.
4. Í Austur-Barðastrandarsýslu.
5. Í Vestur-Barðastrandarsýslu.
6. Í Öndarfirði.
7. Á Melgraseyri við Ísafjarðardjúp.
8. Hjá Hólmavík.
9. Hjá Raufarhöfn.
10. Hjá Þórshöfn.
11. Í Vopnafirði.
12. Í Borgarfirði eystra.
13. Við Seyðisfjörð.
14. Hjá Búðum í Fáskrúðsfirði.
15. Í Neskaupstað.
16. Hjá Djúpavogi.
17. Í Breiðdalsvík.
18. Í Suðursveit.
19. Hjá Fagurhólsmýri.
20. Á Síðu.
21. Við Mýrdalssand að austan.
22. Í Mýrdal.
23. Á Skógasandi.
24. Í Landeyjum.
25. Á Rangárvöllum.
26. Í Árnessýslu (efra og neðra).

3. gr.

Flugvélaskýli og dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar skulu vera:

- a. Í Reykjavík.
- b. Í Ísafjarðarkaupstað.
- c. Á Akureyri.
- d. Á Austfjörðum.
- e. Á Vestfjörðum.

4. gr.

Til öryggis flugsamgöngum skulu vera þráðlausar talstöðvar á 1. og 2. flokks flugvöllum, svo og annars staðar, er nauðsyn krefur.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera samninga við einstaka landeigendur til þess að tryggja lendingarstaði fyrir smáflugvélar á landi, sem til þess henta, án þess að gerðar verði rennibrautir.

6. gr.

24

Kostnaður við gerð, rekstur og viðhald þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum þessum, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, tækjum og búnaði, greiðist úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til í fjárlögum.

Áður en fé er veitt til nefndra framkvæmda, skal hafa farið fram nákvæm rannsókn og liggja fyrir kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins.

7. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra skal setja á stofn sérstaka stjórn flugmála, þegar tímabært þykir, og fellur þá niður starf flugmálaráðunautar ríkisins. Forstöðumaður þessarar stofnunar nefnist flugmálastjóri. Þar til þessi skipan verður gerð, hefur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stjórn þeirra mála, sem greinir í lögum þessum, og er vegamálastjóri og flugmálaráðunautur ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum þessum.

Kostnaður við stjórn flugmála og rannsóknir og undirbúning þeirra framkvæmda, er í lögum þessum getur, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðaréttindi og mannvirki.

Landeiganda er skylt, gegn hæfilegu endurgjaldi, að láta af hendi jarðefni til nauðsynlegra mannvirkja vegna loftferða.

9. gr.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu mefnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms á landi og mannvirkjum svo og um bætur fyrir jarðrask samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, skal matsnefnd meta, hve mikill hluti bótanna skal ganga til leiguliða.

11. gr.

Skaðabóta, er leiðir af gerð mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 28. maí 1941, um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.